

## Tillaga til þingsályktunar

um uppbyggingu Suðurfjarðavegar.

Flm.: Njáll Trausti Friðbertsson, Berglind Ósk Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela innviðaráðherra að flýta uppbyggingu Suðurfjarðavegar, þ.e. þjóðvegar 1 (Reyðarfjörður – Breiðalsvík) á austursvæði í samgönguáætlun. Hönnun og útboð á uppbyggingu vegarkaflans verði flýtt og fari fram á yfirstandandi kjörtímabili.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður lögð fram á 152. löggjafarþingi (499. mál).

Við sameiningu sveitarfélaga í Fjarðabyggð, nú síðast Breiðalsvík sem sameinaðist Fjarðabyggð árið 2018, telst Suðurfjarðavegar þjóðvegur í þéttbýli. Með kraftmikilli uppbyggingu atvinnulífsins á undanförnum árum hefur umferð aukist á svæðinu, m.a. vegna skóla-, þjónustu- og atvinnusóknar innan sameinaðs sveitarfélags, ferðapjónustu og síðast en ekki síst stórfelldra vöruflutninga til og frá höfnum svæðisins vegna álframleiðslu, öflugs sjávarútvegs og laxeldis, svo dæmi séu nefnd.

Ljóst er að Suðurfjarðavegar er mikill farartálmí með hættulegum vegarköflum og þremur einbreiðum brúm, þ.m.t. brúnni yfir Sléttuá á Reyðarfirði sem er umferðarþyngsta einbreiða brúin á Austurlandi. Vegarkaflinn milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar þykir sérlega hættulegur með mörgum blindhæðum og kröppum beygjum og er auk þess að mestu leyti utan þjónustusvæðis farsímasambands. Suðurfjarðavegar er 33,7 km langur.

Kaflinn milli Fáskrúðsfjarðar og Breiðalsvíkur hefur verið metinn áhættumesti vegarkafl landsins í áraraðir í skýrslum EuroRAP um öryggi vega. Í skýrslum EuroRAP er horft til þess hvar flest alvarleg slys verða miðað við umferðarþunga (þ.e. látnir og alvarlega slasaðir á hverja milljón ekna kílómetra). Þá kemur kaflinn út sem einnar stjórnun vegur af fimm mögulegum í öryggisskoðun EuroRAP, sem metur öryggi vegarins og öryggissvæðisins sem fylgir.

Á undanförnum árum hafa orðið alvarleg slys á þessum kafla. Í ljósi þess hve hættulegur vegarkaflinn er og með tilliti til ört vaxandi umferðarþunga, m.a. þungaflutninga, þarf að setja Suðurfjarðaveg í forgang í samgönguáætlun.